



Í FÉL404 við Menntaskóla Borgarfjarðar taka nemendur þátt í Mentorverkefni. Verkefnið er tekur yfir tvær annir (haust og vor)

Mentorverkefnið Vinátta verður starfrækt í níunda sinn skólaárið 2009-2010 og er ykkur boðin þátttaka í verkefninu. Mentorverkefnið er byggt á alþjóðlegri fyrirmynd en það sem er næst okkur er starfrækt í Malmö í Svíþjóð. Þar hófst verkefnið árið 1997 sem samstarf milli háskólans þar og innflytjendastofnunnar og tveggja grunnskóla í Malmö.

Mentorverkefnið Vinátta hóf göngu sína haustið 2001 sem samstarfsverkefni Velferðarsjóðs barna á Íslandi, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og tveggja grunnskóla í Reykjavík. Á undanförunum árum hefur verkefnið vaxið jafnt og þétt. Felst verkefnið í því að háskóla- og framhaldsskólanemar verja þremur stundum á viku yfir skólaárið í samveru með einu grunnskólabarni á **aldrinum 7-10 ára**. Kjarni mentorverkefnisins Vinátta er að háskóla- og framhaldsskólanemar veiti grunnskólabörnum stuðning og hvatningu. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins með því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars. Nemendur háskóla og framhaldsskóla fá tækifæri til að vera fyrirmynd í lífi grunnskólabarns og börnin fá tækifæri að mynda tengsl við þroskaðan, fullorðinn aðila fyrir utan fjölskyldu sína.

Markmið verkefnisins eru m.a. að:

- skapa persónulegt samband milli barns og fullorðins einstaklings sem báðir njóti góðs af
- efla félagsþroska og sjálfsmynd barna
- gefa háskóla og framhaldsskólanemum færi á að bæta þekkingu sína og reynslu og setja hana í samhengi við námið

Markhópur; börn

Börn sem taka þátt í verkefninu eru á aldrinum 7-10 ára og fá umsóknareyðublöð send heim og upplýsingar um verkefnið. Foreldrar sækja um fyrir börn sín og skila umsókn til skólans. Ef umsóknir verða fleiri en hægt er að anna þarf að velja úr og forgangsraða í samræmi við þarfir skóla, barna og háskóla-og framhaldsskólanema.

Hafa ber í huga að verkefni þetta hæfir ekki undantekningalaust öllum börnum. Sem dæmi um undantekningar má nefna:

- börn með alvarleg félagsleg vandamál
- börn með alvarlegan geðrænan vanda
- börn sem vafi er á að geti nýtt sér samband af þessu tagi af einhverjum ástæðum



Sem dæmi um börn sem ganga fyrir má nefna:

- börn sem eru feimin og óframfærin
- börn úr stórum systkinahóp
- einbirni
- börn sem skortir annað hvort föður eða móðurímynd
- börn af erlendum uppruna
- börn sem virðast einangra sig eða blandast illa í hópinn
- börn sem verða fyrir einelti

Starfsmenn skóla ásamt verkefnisstjórn sjá um að meta hvaða börn hafa mesta þröf fyrir þátttöku í verkefninu.

Hlutverk skólanna í verkefninu

Mikilvægt er að skólarnir styðji verkefnið og í hverjum skóla sé aðili sem hefur umsjón með verkefninu. Farið er fram á að hver skóli standi skil á eftirfarandi atriðum:

- Skólinn tilnefni sérstakan aðila sem er tengiliður milli verkefnisstjórnar og skólans með öllu sem því fylgir.
- Skólinn sjái um að senda út umsóknareyðublöð til foreldra barna í árgöngum, bekkjum eða hópum sem valdir hafa verið til þátttöku í verkefninu.
- Skólinn taki þátt í að forgangsraða börnum með forráðamönnum verkefnisins. Verkefnisstjórn hefur samráð við tengilið í skóla varðandi þetta atriði.
- Skólinn samþykki að veita aðstöðu og velvilja til framkvæmdar verkefnisins innan hans.

Umsjónarmaður Mentorsverkefnisins í MB er Bjarni Þór Traustason netfang: bjarnit@menntaborg.is